



GERT - Verkefnalýsingar

Tengsl grunnskóla og atvinnulífs

Lýsing á verkefni	<p>Verkefnisstjóri GERT heldur uppi tenglsaneti fyrirtækja sem hafa áhuga á samstarfi og upplýsingar tengiliða eru hýstar á vefsvæði GERT.</p> <p>Tengslin geta verið með ýmsum hætti, t.d. fyrirtækjaheimsóknir, kynningar frá fyrirtækjum í skólunum, starfskynningar sem hluti af valgreinum eða þeimadögum á unglíngastigi, o.fl. Útfærslur að framkvæmd tengslanna og samþættingu við annað nám er í höndum hvers skóla fyrir sig. Verkefnið er miðað að nemendum í 5.-10. bekk.</p>
Tilgangur	<p>Að mynda varanleg tengsl skóla og fyrirtækja þar sem nemendur geta kynnst fjölbreytileika atvinnulífsins, hinum ýmsu störfum innan fyrirtækja og þeirri menntun sem liggur á baki þeim. Áhersla á kynningu starfa innan verk- og tæknigreina.</p>
Framkvæmd	<p>Verkefnisstjóri vaktar áhuga fyrirtækja á samstarfi, heldur utan um og uppfærir tengiliðaupplýsingar samstarfsfyrirtækja.</p> <p>Fjöldi samstarfsfyrirtækja fylgir fjölda þáttökuskóla og virkni þeirra. Álag á samstarfsfyrirtæki verður vaktað og þeim fjölgað eftir þörfum.</p> <p>Verkefnastjóri getur verið tengill milli þáttökuskóla og fyrirtækja ef þess er óskað og aðstoðar báða aðila við að koma á þeim tengslum sem skólinn og fyrirtækið kjósa að mynda sín á milli. Báðir aðilar geta leitað til verkefnastjóra GERT með aðstoð og þau mál sem upp koma.</p> <p>Allt samstarf fer eftir samkomulagi milli fyrirtækis og skóla eftir því sem hentar hverju sinni en hópastærð með allt að 20 nemendum er gott viðmið í heimsóknunum og flest fyrirtækin hafa bolmagn í að taka á móti 3-4 hópum yfir skólaárið.</p> <p>Báðir aðilar þurfa að vera meðvitaðir um væntingar, ábyrgð og skyldur sem slíkt samstarf hefur í för með sér af beggja hálfu.</p>
Mat á árangri	<p>Leggja skal könnun fyrir nemendum í tengslum við kynningar í fyrirtækjum. Skoða skal hvað nemendum finnst þeim hafa lært á kynningunum hvað varðar atvinnugreinar, störf í fyrirtækjum, tengsl menntunar og starfa.</p>
Ávinningur þáttökuskóla	<p>Varanlegt samstarf við atvinnulífið og aukin þekking nemenda á fjölbrettum störfum atvinnulífsins og tengdu námi, sérstaklega innan tækni- og verkgreina.</p>
Tengsl við lykilmarkmið GERT	<p>Lykilm. 2: 3) Auðvelda og leiðbeina nemendum að velja sér námsleiðir við lok grunnskóla.</p> <p>Lykilm. 4: 10) Samstarfsverkefni skóla og atvinnulífs.</p>